

Vopnafjarðarhreppur
b/t Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 25. nóvember 2019
UST201911-135/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 – Fuglaskoðunarhús við Nýpslón

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps vegna þriggja fuglaskoðunarhúsa við Nýpslón.


Framkvæmdir

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað, leggur Umhverfisstofnun það til að raski á svæðinu verði haldið í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaframkvæmdir, bílastæði og göngustígagerð bendir stofnunin bendir á þann möguleika að gróðurtorfur verði lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt sé að allar framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur